Hafnarfjörður



# Sumar í bænum

2026

# Viðburðir í bænum

## Sumar í Hafnarfirði 2026



**1. júní**

### 118 ára afmælisdagur Hafnarfjarðarkaupstaðar

Þriðju bekkingar syngja inn sumarið á Thorsplani

**3. júní**

### Fyrsta menningarganga sumarsins



**Menningargöngur á miðvikudögum í sumar**

Nánari dagskrá á baksíðu



**7. júní**

### Sjómannadagur

Sjómannadagurinn í Hafnarfirði - hátíðarhöld við Flensborgarhöfn

**11. júní**

### Hafnarfjarðarhlaupið

Hlaupum saman 5 km eða 10 km. Heilsubærinn Hafnarfjörður styrkir hlaupið en það er á vegum frjálsíþróttadeildar FH.



**13.- 28. júní**



### Sönghátíð í Hafnarborg

**16.- 21. júní**

### Víkingahátíð á Víðistaðatúni

Víkingahátíðin í Hafnarfirði fer fram á Víðistaðatúni. Dagskráin býður meðal annars uppá opnum markaði, víkingabarðaga, leikjum, tónlist, handverk, og víkingaskóla fyrir börn.



## Söfnin í bænum

Opnunartímar

**Bókasafn Hafnarfjarðar**
Mán. til fim. frá kl. 9-19, fös. frá kl. 9-17 og lau. frá kl. 12-16

**Byggðasafn Hafnarfjarðar**
Opið frá kl. 11-17 alla daga

**Hafnarborg** opið alla daga nema þriðjudaga frá kl. 12-17

**Aðgangur ókeypis**

Kynntu þér viðburðina á **hfj.is/vidburdir**





**17.** júní

Fjölbreytt hátíðar- og skemmtidagskrá sem teygir sig um allan miðbæinn. Dagskrá frá kl. 13 – 21:30

**hfj.is/17juni**




**21.** júní

## Leikhópurinn Lotta í Hellisgerði

Tvær sýningar frá Leikhópnum Lottu sem setur upp söngleikinn Litaland í sumar, kl. 13 og kl. 15:30 – 500 miðar í boði á hvora sýningu, sækja þarf boðsmiða á **tix.is**

**25.** júní **- 1.** ágúst

## Hjarta Hafnarfjarðar

Hjarta Hafnarfjarðar verður haldin í níunda sinn í ár. Fimmtudaga-laugardaga frá 17-23, hamingjustund, pubquiz, partýbingó og fleira!




**12.** ágúst

## Almyrkvi á sólu




**Horfðu heima í Hafnarfirði**

Almyrkvi á sólu og rave-hátíð á Víðistaðatúni, echolalia Björk and friends




**16.** ágúst



## Álfahátíð í Hellisgerði

Árleg sumarhátíð í Hellisgerði þar sem álfum, tröllum og öðrum furðurverum er fagnað!

**30.** ágúst

## Vegan festival



Samtök grænkera standa fyrir vegan festivali á Thorsplani.



**4 – 6.** september

## Heimar og himingeimar

Búninga- og leikjasamkoma. Lífið er leiksvið, fötin skapa manninn, og maðurinn er aldrei of gamall til að leika sér.

# Menningar- og heilsugöngur

## í Hafnarfirði 2026

Bæjargöngur með leiðsögn verða alla miðvikudaga í sumar. Flestar göngur taka um klukkustund. Þátttaka er ókeypis og öll velkomin. **Komdu út að ganga!**

### 3. júní kl. 20 - Tónlistin og bæjarlífið
***Leiðsögn: Jónatan Garðarsson***
Ganga um miðbæ Hafnarfjarðar. Við rifjum upp sterka tengingu tónlistar og bæjarlífsins. Fjallað verður um Friðrik Bjarnason, Vinaminni, unglingaböll, Skiphól, Skútuna, Hjarta Hafnarfjarðar og margt fleira. **Gengið frá Hafnarborg.**

### 10. júní kl. 17 - Sögugerð og sprelli
***Leiðsögn: Hugrún Margrét Óladóttir***
Hjólastóla- og barnavagnavæn ganga frá Flensborg niður að Óla Run túni. Þátttakendur skapa saman alls konar bullsögur. Niðri á túni verða sögurnar lesnar upp, svo farið í sígilda útileiki og boðið upp á létta hressingu. **Gengið frá Flensborg.**

### 17. júní – Gleðilegan þjóðhátíðardag!
Dagskrá um allan bæ – **hfj.is/17juni**

### 24. júní kl. 20 - Slóðir alþýðukonunnar
***Leiðsögn: Valgerður Sigurðardóttir***
Skoðum staði sem segja sögu kvenna á fyrri tímum í vesturbænum. Gestir geta kíkt á nýja sýningu um alþýðukonuna í skúrnum við Siggubæ fyrir göngu. **Gengið frá Siggubæ, Kirkjuvegi 10.**

### 1. júlí kl. 17 - Fjölskylduganga í Valaból
***Leiðsögn: Kolbrún Kristínardóttir***
Fjölskylduvæn ganga að Valabóli í landi Helgafells. Valaból er gamall áningarstaður með helli og skemmtilegum klifurtrjám þar sem tekin verður nestispása áður en haldið er til baka. Leiðin er auðveld yfirferðar og alls um 5 km. **Gengið frá bílastæði við Kaldárselsveg.**

### 8. júlí kl. 17 - Plöntutengsla- og söngganga fyrir fjölskyldur
***Leiðsögn: Búi Bjarmar og Hrefna Lind***
Lifandi og skemmtileg fjölskylduganga þar stoppað verður á forvitnilegum stöðum í bænum. Við skoðum plöntur og annað spennandi sem verður á vegi okkar. Ganga, náttúra og söngur fléttast saman á skapandi hátt. **Gengið frá: Hafnarborg.**

### 15. júlí kl. 20 - Hafnarsvæðið fyrr og nú
***Leiðsögn: Lúðvík Geirsson***
Ganga um söguslóðir hafnarinnar. Sagt frá fyrstu siglingum til Hafnarfjarðar, þróun verslunar og kaupsiglinga, uppbyggingu hafnarmannvirkja, umsvifum og næstu framkvæmdum á hafnarsvæðinu. **Gengið frá Sívertsen húsi Byggðasafnsins.**

### 22. júlí kl. 20 - Ástjörn
***Leiðsögn: Hildur Aðalsteinsdóttir***
Gengið verður í kringum Ástjörn með viðkomu á Ásfjalli. Þægileg leið með smá fjallgöngu en Ásfall er 128m hátt. Falleg leið með góðu útsýni yfir bæinn okkar. Gangan er 5 km með 139 hæðametrum. **Gengið frá Haukahúsinu við Ásvelli.**

### 29. júlí kl. 20 - Íþróttabærinn Hafnarfjörður
***Leiðsögn: Björn Pétursson***
Ljósi verður varpað á íþróttasögu bæjarins enda Hafnarfjörður bæði verið kallaður „íþróttabærinn" og „handboltabærinn." Gestir fá að skoða nýja sýningu í Pakkhúsi Byggðasafnsins sem ber heitið „Handboltabærinn Hafnarfjörður" í upphafi göngu. **Gengið frá Pakkhúsi Byggðasafnsins.**

### 5. ágúst kl. 17 - Samtímavíkingar
***Leiðsögn: Jökull Tandri Ámundason***
Létt ganga um bæinn. Fjallað verður um víkinga þjóðveldisaldar, heiðinn sið og samtímavíkinga sem eru virkur hluti af bæjarlífi Hafnarfjarðar. Saga, heimspeki og skemmtun haldast í hendur á göngunni. **Gengið frá bílastæði við Kaldárselsveg.**

### 12. ágúst kl. 20 - Stórhöfði
***Leiðsögn: Harpa Gústavsdóttir***
Ljúf kvöldganga hringinn í kringum Stórhöfða sunnan við Hvaleyrarvatn. Um er að ræða þægilega gönguleið með fallegu útsýni yfir nágrennið. **Gengið frá vesturenda Hvaleyrarvatns .**

### 19. ágúst kl. 20 - Núvitundarganga við Hvaleyrarvatn
***Leiðsögn: Bryndís Jóna Jónsdóttir***
Við ætlum að upplifa nágrenni Hvaleyrarvatns í gegnum skynfærin okkar. Við pælum saman í núvitundarfærni, hvernig við getum verið betur til staðar í lífinu okkar, stuðlað að betra jafnvægi og æfum okkur úti í náttúrunni. **Gengið frá vesturenda Hvaleyrarvatns.**

### 26. ágúst kl. 20 - Hundrað ár í Sléttuhlíð
***Leiðsögn: Sveinn Magnússon***
Fræðsluganga um Sléttuhlíð. Sagt verður frá sögu svæðisins, fólkinu sem þar bjó og uppbyggingu sumarhúsabyggðarinnar. Fjallað verður sérstaklega um hvernig frumkvöðlar hófu þar sumardvöl sína. **Gengið frá Sléttuhlíð (C3).**

**Birt með fyrirvara um breytingar!**

Nánar á:
**hfj.is/vidburdir**

Heilsubærinn
Hafnarfjörður